

**258. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps haldinn
fimmtudaginn 11. janúar 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir, Sigurbjörg Daníesldóttir, Karl Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Gústaf Jökull Ólafsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 257. funda hreppsnefndar 14. desember 2006. Samþykkt.
2. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 5. janúar 2007. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Erindi frá björgunarsveitinni Heimamönnum með ósk um að kaupa eignarhlut Reykhólahrepps í Suðurbraut 5.
Gústaf Jökull vísar af fundi þar sem hann telur sig vanhæfan. Egill Sigurgeirsson tekur við fundarstjórn.
Sveinn Ragnarsson kemur inn í stað Gústafs Jökuls. Nefndarmönnum list vel á hugmyndina, málinu frestað til næsta fundar og sveitarstjóra falið að kanna málið betur.
Gústaf Jökull kemur inn og tekur við fundarstjórn.
2. Beiðni frá Menntamálaráðuneytinu til sveitastjórna um umsögn um tillögur að stefnu stjórnvalda í fornleifavernd á Íslandi.
Sveitarstjórn telur að þetta sé þarft verkefni en bendir á að allar svona tillögur geta verið litlum sveitarfélögum kostnaðarsaman og erfiðar í framkvæmd. Oft eru fámenn sveitarfélög mjög landfræðilega stór og þyrfti því að tryggja með lögum að ríkið bæri hærra hlutfall kostnaðar en hjá fjölmennari sveitarfélögum eins og til dæmis um er að ræða með skipulagsmál.
3. Beiðni frá Ástu Sól Kristjánsdóttur fyrir hönd Snorraverkefnisins um styrk til verkefnisins. Erindinu hafnað.
4. Fjárhagsáætlun 2007, fyrri umræða.
Fjárhagsáætlunin rædd og síðan vísað til seinni umræðu.

Til kynningar:

1. Bréf frá Landssambandi sumarhúsaeigenda, sent Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um hagsmunamál sumarhúsaeigenda og sveitarfélaga með áskorun um að fasteignagjöld á sumarhús hækki ekki frekar.
Lagt fram til kynningar.

2. Bréf frá Brunamálastofnun varðandi æfingar slökkviliðs. Lagt fram til kynningar. Slökkviliðsstjóra verði falið að svara bréfinu og senda sveitarstjórn afrit af bréfinu.

Önnur mál:

1. Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfjarða um skipan starfshóps varðandi svæðaskipulag og framtíðarsýn fyrir Vestfirði.
Sveitarstjórn telur eðlilegt að tveir fulltrúar verði frá hverju sveitarféalgi.
Nauðsynlegt er talið að skipa framkvæmdaráð innan hópsins.
Verið er að vinna í aðalskipulagi í sveitarfélaginu og er það Landmótun sem sér um það verk. Tengiliður í Reyhólahreppi varðandi aðalskipulag er Bogi Kristinsson Magnusen.
2. Erindi frá Guðmundi Ólafssyni með beiðni um framlag til útgáf dráttarvélagsögu Reykhólahrepps. Erindinu vísað til fjárhagsáætlunar.
3. Tillaga um að félagsheimilið Vogaland verði auglýst til sölu.
Samþykkt að auglýsa húsið til sölu og sveitarstjóra falið að sjá um framkvæmd málsins.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 18:27.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)